

44. fundur Svæðisráðs Suðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs, haldinn í ráðhúsi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 27. nóvember 2015 kl. 12:00.

Mættir svæðisráðsfulltrúar: Björn Ingi Jónsson, Sigurlaug Gissurardóttir, Hugrún Harpa Reynisdóttir, Snævarr Guðmundsson, Guðrún Inga Bjarnadóttir, Þórhildur Ásta Magnúsdóttir og Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Íshellaferðir veturinn 2015-2016

Fundur settur kl. 12:08. Björn Ingi útskýrði að öllum fyrirtækjum sem væru með ferðir á jökla og í íshella hefði verið boðið að koma á fund svæðisráðs til að kynna starfsemi sína. Sendar voru út spurningar í tölvupósti til eftirfarandi aðila, en í upphafi fundar kom fram að líklega vantaði einn aðila á þennan lista sem er nýtekinn til starfa, eða Háfjall. Fundarmenn ræddu spurningar til fyrirtækjanna áður en þeir mættu á svæðið. Spurningar komu fram um hvort fyrirtæki með ferðir þyrftu að bjóða upp á salernisaðstöðu, en Björn Ingi sagði að ekki væru neinar stoðir fyrir því í lögum. Lagðar voru almennar spurningar um starfsemina fyrir þá aðila sem mættu á fundinn t.d. um fjölda ferða, hlutfall viðskiptavina og leiðsögumanna, gæðakröfur, öryggismál og framtíðarsýn.

Aðilar frá eftirfarandi fyrirtækjum mættu á staðinn:

- Glacier Guides og Arctic Adventures, Jón Þór og Styrmir
- Local Guide, Einar Rúnar og Matthildur
- Öræfaferðir, Einar Rúnar og Matthildur
- Íslenskir fjallaleiðsögumenn, Ingibjörg og Leifur Örn
- Glacier Adventures, Haukur Ingi
- Glacier Trips, Sindri,

Fulltrúar fyrirtækjanna Extreme Iceland og Goecco sendu svör við spurningum sem lagt var upp með í tölvupósti.

Fyrirtækin, Ice Walk og Ice Guide boðuðu forföll.

Ekki barst svar frá Guide to Iceland og ekki var haft samband við nýstofnað fyrirtæki, Háfjall þar sem ekki hafði borist ábending um þá fyrir fundinn.

Margt áhugavert kom fram í þessum viðtölum og þökkum við þeim sem sáu sér fært að mæta fyrir komuna og hinum sem höfðu samband einnig. Til að fylgja þessu eftir verður sendur út spurningalisti til allra fyrirtækja sem gera út á jökla- eða íshellaferðir á suðursvæðinu á næstunni, hvort sem þeir mættu á fundinn eða ekki. Eftir viðtölin ræddu svæðisráðsmenn um hvaða spurningar ætti að senda út til fyrirtækjanna til viðbótar þeim sem lagt var upp með í fundarboðinu. Björn Ingi tekur saman spurningarnar og Regína mun taka við þeim og senda þá út. Umræður sköpuðust um mögulegar útfærslur á úthlutun þessarar takmörkuðu auðlindar sem jökullinn og íshellar eru.

2. Jöklavagnar ósk um áframhaldandi rekstur veitingavagns í Skaftafelli.

Fyrir fundinum lá erindi frá Jöklavögnum ehf um áframhaldandi veitingarekstur í veitingavagni í Skaftafelli. Fulltrúar sem tóku til máls töldu að ekki væri forsvaranlegt að neita þeim um leyfi á meðan önnur fyrirtæki eru innan þjóðgarðs með aðstöðu. Aðeins var rætt um staðsetningu vagnsins, hvort hann ætti heima við tjaldsvæðið eða annarsstaðar. En þar sem nú er verið að breyta deiliskipulagi fyrir svæðið er staðsetning allra fyrirtækja og útfærsla á því nokkuð óljós eins og er. Svæðisráð mælist til þess að Jöklavagnar fái leyfi fyrir starfsemi sína þarna næsta sumar. Staðsetning er úrlausnatriði.

3. Forgangsröðun á uppbyggingu í Skaftafelli, erindi frá starfsmönnum

Fyrir fundinum lá erindi frá föstum starfsmönnum í Skaftafelli um tillögu að breyttri forgangsröðun framkvæmda í Skaftafelli. Regína kynnti forsendurnar fyrir erindinu sem eru t.d. þær breytingar sem

hafa orðið á starfseminni með skiptingu þjónustunnar í minni einingar; móttöku, verslun og tjaldsvæði. Starfsmenn telja að svara verði ýmsum spurningum sem varða reksturinn áður en lengra er haldið í viðbyggingu við Skaftafellsstofu og að breyta þurfi röð fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu til að framkvæmdir valdi sem minnstri röskun á starfseminni. Svæðisráð er sammála sjónarmiðum starfsmanna um forgangs röðun sem fram kemur í erindi þeirra og styður þau í að vinna þurfi þarfagreiningu á þjónustunni áður en lengra er haldið. Regína sýndi fulltrúum tillögur að þjónustubyggingu og nýju þjónustuhúsi á tjaldsvæði.

4. Stjórn og verndaráætlun

1. Fyrirhugaðar breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun voru sendar fulltrúum til yfirlestrar fyrir fundinn. Björn Ingi nefndi að hann hefði lagt til á stjórnarfundum að gerður yrði nýr kafli um íshella í stjórnunar- og verndaráætlun.

Guðrúnu Ingu fannst að stytta ætti ákvæði um þá tímalengd sem mætti líða milli endurskoðunar á stjórnunar- og verndaráætlun, (í dag 10 ár) sér í lagi ef ekki ætti að taka upp alla stjórnunar- og verndaráætlunina þegar ný svæði bættust við. Henni fannst einnig of óljóst ákvæði um skála 9.4.1. um hvernig þjóðgarðurinn ætlaði að vinna með þeim aðilum sem þegar hafa fjallaskála innan garðsins og hvort þjóðgarðurinn hyggtist starfa með utanaðkomandi aðilum varðandi rekstur nýrra skála í framtíðinni. Þá minntist hún á að ákvæði um akstur utanveggar við vetraraðstæður hefði breyst með nýju náttúruverndarlögunum 31.gr og nú væri heimilt að aka á jöklum og snævi þakinni jörð svo fremi sem jörð sé frosin eða snjóþekja traust. Greinilega þarf að lesa ákvæði í Stjórnunar- og verndaráætlun saman með nýju náttúruverndarlögunum.

Björn Ingi benti á að það vantar veg að Skálafellsjökli inn í vegakerfi þjóðgarðsins og einnig í skipulag, en hann hefur verið framlengdur eftir því sem jökullinn hefur hopað. Fleiri vegir sem áður lágu að jökli hafa „lengst“, þ.e. verið lengdir til að komast nær jökli eða upp á þá án þess að leyfi hafi verið gefið fyrir framkvæmdum. Fulltrúar hafa enn nokkra daga til að lesa þetta yfir og senda ábendingar til Björns Inga.

2. Lög um Vatnajökulsþjóðgarð

Fyrirhugaðar breytingar á lögum Vatnajökulsþjóðgarðs voru sendar fulltrúum fyrir fundinn til kynningar. Guðrún og Snævarr bentu á að það vantaði ákvæði um takmarkanir á flugumferð. Björn Ingi lýsti þeirri skoðun sinni að honum fyndist eins og verið væri að rýra hlutverk svæðisráða með þessum lögum en greinilega væri verið að skýra hlutverk allra aðila frá því sem áður var og taka af ýmis tvímæli.

3. Rekstraráætlun suðursvæðis

Þórður og Regína fóru yfir forsendur og drög að rekstraráætlun næsta árs. Búið er að greina starfsmannavikur niður í einstök störf og taka landvörsluvíkurnar alveg sér. Nokkur fjölgun starfsmannavíkna verður á milli ára en annars eru forsendur svipaðar og árið áður.

Listi yfir framkvæmdir á suðursvæðinu var í gögnum sem fundarmenn fengu sendar fyrir fundinn, bæði framkvæmdir sem hafa fengið styrk úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða og aðrar framkvæmdir á vegum þjóðgarðsins. Þórður og Regína fóru lítillaga yfir helstu framkvæmdir sem eru á döfinni s.s. þjónustuhús á tjaldsvæði í Skaftafelli og bílastæði í Skaftafelli. Regína greindi einnig frá framkvæmdum við göngustíg að Svartafossi sem eru nú langt komnar en framkvæmdum verður haldið áfram í vor um leið og hægt verður. Hún greindi frá því að samkvæmt fólkelstjara við Svartafoss hefði gestum fjölgað úr 38.000 árið 2010 í að verða a.m.k. 90.000 árið 2015. Hún sýndi einnig myndir frá stígnum fyrir og eftir framkvæmdir og mynd af útsýnispallinum sem nú er kominn upp við Svartafoss.

4. Atvinnustefna

Fundarmenn fengu send drög að atvinnustefnu Þjóðgarðsins fyrir fundinn en ekki var tekin umræða um hana að svo stöddu. Þórður greindi frá því að leitað hefði verið til Alta um kynningu á atvinnustefnunni fyrir hagsmunaaðilum. Stefnt væri að því að hægt væri að byrja á kynningu á öllum svæðum eftir áramót.

5. **Önnur mál voru ekki tekin fyrir og var fundi slitið kl. 18:14.**